

RE: Örlaganótt - fyrirspurn um vilyrði fyrir notkun á lóð og svæði

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Helga Þuríður Magnúsdóttir
CC : Heiða Hrund Jack
Heiti : RE: Örlaganótt - fyrirspurn um vilyrði fyrir notkun á lóð og svæði
Málsnúmer : 2021010062
Málsaðili : Jónína Jóhanna Kristjánsdóttir
Skráð dags : 15.01.2021 10:02:05
Höfundur : Helga Þuríður Magnúsdóttir

Viðhengi [image002.png](#)
[image001.jpg](#)

Sæl, það er rétt.

Eftir flóð var þessu afsalað til Ísafjarðarbæjar.

En ef þessi plön ganga eftir, þarf hugsanlega að breyta skipulaginu fyrir Unnarstíg 1. Nú er hún undir íbúðarhús og utan hættusvæðis. Það gerir hana byggingarhæfa. En svo var þetta unnið eftir fyrra flóðið og þar er gert ráð fyrir opnu svæði fyrir almenning.

Fer þetta þá ekki bara fyrst fyrir bæjarráð og vísað á skipulags- og mannvirkjanefnd?



Helga Þ. Magnúsdóttir
-Tæknideild Ísafjarðarbæjar
Umhverfis- og eignasvið

From: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Sent: föstudagur, 15. janúar 2021 09:42
To: Helga Þuríður Magnúsdóttir
Subject: FW: Örlaganótt - fyrirspurn um vilyrði fyrir notkun á lóð og svæði

Sæl

Gætirðu staðfest við mig að Ísafjarðarbær eigi þessa lóð við Unnarstíg 1 á Flateyri?

Bryndís Ósk Jónsdóttir

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs / bæjarritari

From: Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is>

Sent: miðvikudagur, 13. janúar 2021 08:53

To: Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>

Subject: FW: Örlaganótt - fyrirspurn um vilyrði fyrir notkun á lóð og svæði

Sæl Bryndís

Skulum taka þetta inn í bæjarráð næst.

Kær kveðja,

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri

450 8024 - 897 3464 - birgir@isafjordur.is

From: Helena Skaptason Jónsdóttir

Sent: mánudagur, 11. janúar 2021 14:04

To: Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is>

Cc: johanna@snerpa.is

Subject: Re: Örlaganótt - fyrirspurn um vilyrði fyrir notkun á lóð og svæði

Sæll og takk fyrir skjót viðbrögð,

Loftmyndin átti svo sannarlega að fylgja og er hún nú í viðhengi.

Hlýjar kveðjur,

Helena



Helena Jónsdóttir

Verkefnastjóri á Flateyri

Skúrin, samfélagsmiðstöð - Hafnarstræti, Flateyri

661 7808 - helenaj@isafjordur.is

On Jan 11, 2021, at 13:59, Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is> wrote:

Sæl Helena

Erindið er mótttekið og ég skal skoða þetta. Átti ekki að fylgja loftmynd sem sýnir staðsetningu sýningarinnar?

Kær kveðja,
Birgir Gunnarsson bæjarstjóri
450 8024 - 897 3464 - birgir@isafjordur.is

-----Original Message-----

From: Helena Skaptason Jónsdóttir
Sent: mánudagur, 11. janúar 2021 13:55
To: Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is>
Cc: johanna@snerpa.is
Subject: Örlaganótt - fyrirspurn um vilyrði fyrir notkun á lóð og svæði

Sæll Birgir,

Verkefnastjóri á Flateyri sendir þér þennan póst í umboði Jóhönnu Kristjánsdóttur en hún vinnur ásamt Katrínu Björk Guðjónsdóttur og fleirum að undirbúningi að einstakri upplifunar- og margmiðlunarsýningu um nóttina örlagaríku árið 1995 er snjóflóð féll á íbúðarhúsið að Unnarstíg 1 á Flateyri. Póstur þessi er sendur í framhaldi af samtali Jóhönnu við Daníel Jakobsson sem lagði til að Verkefnastjóri á Flateyri sendi þennan póst.

Ætlunin er að sýningin verði sett upp í sérhannaðri byggingu sem staðsett verður á lóðinni „Unnarstígur 1“ en þar stóð hús það sem flóðið féll á og ætlunin er að sýningin snúist um. Að auki er gert ráð fyrir nýtingu á opnu svæði í nálægð við húsið og í farvegi þeim sem húsið færðist til á í flóðinu.

Verkefnið hefur nú þegar hlotið styrk til fyrsta verkþáttar í undirbúningi og verða undirbúningsfundur með verkefnahópi haldnir á næstu vikum.

Svo að hefja megi undirbúningsvinnu er nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort að til greina kemur að Ísafjarðarbær fallist á að styðja við verkefnið og gefa jákvætt vilyrði fyrir notkun á þeirri lóð sem um ræðir og umræddu svæði í kring (sjá meðfylgjandi loftmynd þar sem staðsetning sýningarinnar hefur verið merkt inn á með striki).

Þar sem gert er ráð fyrir að undirbúningsvinna hefjist á allra næst vikum er óskað eftir jákvæðu vilyrði um að þetta geti orðið. Ef undirbúningsvinna gefur tilefni til áframhaldandi uppbyggingar á sýningunni verður sótt formlega um leyfi til frekari framkvæmda á ofangreindri lóð og svæði í kring.

Hljýjar kveðjur og bestu þakkir,

f.h. Jóhönnu Kristjánsdóttur og Katrínar Bjarkar Guðjónsdóttur

Helena Jónsdóttir

Verkefnastjóri á Flateyri

Skúrin, samfélagsmiðstöð - Hafnarstræti, Flateyri

661 7808 - helenaj@isafjordur.is